

Sporðamælingar 2023

Langjökull: Vestari-Hagafellsjökull

Hinn 28. september 2023 mældi undirritaður jaðar Vestari- Hagafellsjökul á mælinu GJ beint í norður. Jökuljaðar mældist vera í 2888 m fjarlægð frá viðmiðunarpunktinum GJ.

Hop frá síðustu mælingu er 123 m sem var fyrir einu ári síðan.

Mæling	Mælipunktur	ISNET HMIT X (easting) Y (northing)		Fjarlægð frá GJ	Hop frá síðast	Hop á ári	Aths.
Theodor	GJ	432871	442875	0			Grettistak
26.09.2009	v-jad.2009.stak	432919	444789	1915m			
17.10.2010	v-jad.2010.10	432921	444868	1994m	79m	79m	
23.10.2011	vjad_4_2011	432922	444942	2068m	74m	74m	
16.09.2012	V_hag_2012-3	432924	445024	2150m	82m	82m	
28.09.2013	V_hag_2013_jadar	432924	445078	2204m	54m	54m	¹⁾
18.10.2015	HAG-V2-2015-JAD	432926	445187	2313m	109m	54,5m	²⁾
16.10.2016	HAG-V2-2016-JAD	432928	445243	2369m	56m	56m	³⁾
30.09.2017	HAG-V2-2017-JAD	432930	445323	2449 m	80m	80m	³⁾
22.09.2018	HAG-V2-2018-JAD	432931	445374	2500m	51m	51m	³⁾
11.10.2019	HAG-V2-2019-JAD	432933	445462	2588m	88m	88m	³⁾ Mælt að hluta í myrkri.
10.10.2020	HAG-V2-2020-JAD	432932	445512	2638m	50m	50m	³⁾
18.09.2022	HAG-V2-2022-JAD	432936	445639	2765m	127m	63,5m	^{2) 3)}
28.09.2023	HAG-V2-2023-JAD	432938	445762	2888m	123m	123m	

¹⁾ Nokkur ónákvæmni (u.þ.b. +/- 5 m) er í mælingu árið 2013 vegna nýsnævis á jökuljaðri.

²⁾ Engin mæling var gerð árið á undan.

³⁾ Mæling með Garmin handtækjum frá og með árinu 2016 en í fyrri mælingum hafði verið mælt með Trimble tækjum.

Um mælinguna:


Mælingin var gerð með Garmin handtæki. Útreikningar á fjarlægðum eru gerðar út frá mældum hnitum með þríhyrningaútreikningum í láréttu plani. Mældir voru punktar á og við mælinu beint í norður frá Grettistaki GJ en einnig gengið eftir jökuljaðri til að fá meiri upplýsingar um jökuljaðarinn.

Þess má geta að það hop sem var mælt að þessu sinni er það mesta sem hefur mælt frá því við hófum þessar mælingar árið 2009.

Mælingamaður:

Einar Ragnar Sigurðsson
15. nóvember 2023

Myndir og kort



Mynd 1: Garminkort sem sýnir jökuljaðar og mælipunkta síðustu ára.



Mynd 2: Loftmynd af jökuljaðrinum. Lónið sem sést á myndinni er á mælinunni sem er miðað við í mælingunni en það kom undan jökli fyrir fáum árum og er enn til staðar. Það á svo á eftir að koma í ljós hvað það verður þarna lengi og jafn vel hvort það sé komið til að vera þarna til frambúðar sem lítið stöðuvatn.



Á jökuljaðrinum sem var mjög greinilegur og auðmældur. Rauður bakpoki og mælingamaður að fljúga dróna.



Séð inn að Vestari Hagafellsjökli frá Línuveginum þar sem gangan að jöklinum hefst. Móbergsstrýtan Klakkur er vinstra megin við miðju myndarinnar en sá hægra megin hefur verið kallaður Magnúsarklakkur.



Einar Ragnar Sigurðsson
28-09-2023

Panoramamynd. Hægt er að skoða panorama drónamynd af jökuljadrinum á þessari vefslóð: <https://kuula.co/post/5cMhm>